



Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 19.5.2014
Tilvísun: 7.1.4.1 / Málsnr: 2014050170

Efni: Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis

Lyfjastofnun hefur borist umsókn frá lyfjafræðingi, dags. 14. maí sl., um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Helluhrauni 16-18, 220 Hafnarfirði.


Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um umsóknina.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 10. júní nk.

F.h. Lyfjastofnunar,


Sigrður Ólafsdóttir


Brynhildur Briem

